

Nd.

795. Þingsályktun

um að landsstjórnin hlutist til um, að fræðslumálastjórn landsins afli sjer upplýsinga um tóbaksnautn ungmenna og barna um land alt.

(Samþykkt í Nd. 8. september).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að hlutast til um, að fræðslumálastjórn landsins afli sjer upplýsinga um tóbaksnautn ungmenna og barna um land alt, og einkum í ungmenna- og barnaskólum landsins, svo og um áhrif þau, er tóbaksnautn virðist hafa á andlegan og líkamlegan þroska barna og ungmenna, og hverra tóbakstegunda einkum er neytt, og að fræðslumálastjórnin leggi fyrir stjórnina skýrslur þær, er hún fær um þetta efni, ásamt bendingum til umbóta, ef hún álitur þess þörf.